



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2023


BÓKF2BF05

Kennari	Þjóðbjörg Gunnarsdóttir, thjodbjorg.gunnarsdottir@fss.is	
Viðtalstími	Fimmtudagur kl. 9:20 – 10:00	
Námsefni	Bókfærsla 1 eftir Tómas Bergsson. ATH bókin verður að vera ný (nýtist sem vinnubók). Bókin er til í öllum helstu bókabúðum.	
Áfangalýsing	Fjallað er um grundvallaratriði tvíhliða bókhalds. Nemandanum er gerð grein fyrir hlutverki bókarans og tilgangi bókhaldsins. Algengustu reikningar eru kenndir fyrst og flokkun þeirra í eignir, skuldir, gjöld og tekjur. Farið í dagbókarfærslur, prófjöfnuð, reiknisjöfnuð og tengsl milli reiknisjöfnuðar við dagbók og gerð einfalds efnahags- og rekstrarreiknings. FOB og CIF skilmálar útskýrðir og munurinn á eðli sölu- og innkaupakostnaðar. Farið yfir reglur um virðisaukaskatt og hvernig þeim er beitt í bókfærslunni. Unnið með reikningsuppgjör og lokun reiknisjöfnuðar með einföldum athugasemdum s.s. ógreiddum og fyrirfram greiddum kostnaði og vöxtum. Kynntar eru aðferðir við að fára tapaðar kröfur, hvernig fasteigna og bifreiðakaup eru færð. Erlendur innflutningur og launagreiðslur. Mikil áhersla er lögð á vönduð vinnubrögð nemanda og góðan frágang.	

Námsmat og vægi námsmatsþátta	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Nemandi verður að ná að minnsta kosti 4,5 í lokaeinkunn og að minnsta kosti 4,5 í hverju hlutaprófi fyrir sig til þess að ná áfanganum. Nái nemandi ekki að 4,5 á hlutaprófi fær nemandi að spreyta sig aftur í lok annar með upptökuprófi. <p>Áfanginn er símatsáfangi. Ekkert lokapróf er í áfanganum.</p>		
	<input checked="" type="checkbox"/> Símatsáfangi	<input type="checkbox"/> Lokapróf	<input type="checkbox"/> Sleppikerfi
Lokaeinkunn			
Heiti			Vægi
Hópverkefni			25%
Tímaverkefni			25%
Hlutapróf			50%

Reglur áfanga	Nemendur skulu nota reiknivélar við útreikninga, ekki síma.
---------------	---

Annað sem kennari vill láta koma fram	Bókfærsla byggist á nákvæmum vinnubrögðum. Mikilvægt er að nemandi vinni jafnt og þétt og vinni öll verkefni til að hámarka árangur sinn.
---------------------------------------	---

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:
<ul style="list-style-type: none"> • grunnhugtökum bókfærslu • helstu lögum um bókhald • sambandi dagbókar og höfuðbókar 	<ul style="list-style-type: none"> • færa einfaldar dagbókarfærslur • stilla upp prófjöfnuði • færa niðurstöður dagbókar í aðalbók • setja upp efnahags- og rekstrarreikning • reikna út hagnað og tap • gera upp viðskipti fyrir ákveðið tímabil með einföldum athugasemendum • gera upp virðisaukaskatt
 Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	
<ul style="list-style-type: none"> • skilja merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu og vinna með þau • beita aðferðum tölfræðinnar á skipulegan hátt við lausn viðfangsefna og þrauta • geta útskýrt hugmyndir innan námsefnisins skilmerkilega og skipst á skoðunum um þær • leggja mat á tölfræðigögn og átta sig á muninum á fylgni og orsakasamhengi • skilja röksemdir og framsetningu tölfræðinnar á almennum vettvangi á fræðilegan hátt, bæði í rituðu máli og myndrænt. 	

ATH. að hér fyrir neðan eru dæmi sem gott er að nota til viðmiðunar. Vinsamlegast eyðið út því sem á ekki við og aðlagið að ykkar áfanga.

Vinnuáætlun		
Tímasókn/Vinna í tínum	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Heimavinna	16 vikur x 2 klst.	32 klst.
Undirbúningur f. hlutapróf	3 x 2 klst.	6 klst.
Alls		102 klst. = 5 fein*

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 18. - 25. ágúst	Yfirferð á kennsluáætlun og uppbyggingu áfanga. Kynning á bókhaldi. Verkefni 1 (Dagbók og Reiknisjöfnuður)	
2. vika 28. ágúst - 1. september	Verkefni 2 (Dagbók og Reiknisjöfnuður)	
3. vika 4. - 8. september	FOB og CIF, Innkaupakostnaður, fleiri reikningar – Verkefni 3, 4 og 5 (D og R)	
4. vika 11. - 15. september	Bókhaldshringrásin, Áhaldareikningar – Verkefni 6 (D R), 7 (R), 8 (D)	
5. vika 18. - 22. september	Áhaldareikningur frh. Kreditkort – Verkefni 9 (R), 10 (D R), 11 (D R)	Tímaverkefni 1
6. vika 25. - 29. september	Ógreidd gjöld í lok reikningstímabils, fyrirfram greidd gjöld í lok reikningstímabils – Verkefni 13 (D R), 15 (D), 17 (D), 18 (D)	Hópverkefni 1
7. vika 2. - 6. október	Virðisaukaskattur – Verkefni 20(D) Nýtt form (nú breytist bókin í vinnubók) 22, 24	Hlutapróf 1
8. vika 9. - 13. október	Tapaðar kröfur, að selja vinnu – Verkefni 25, 26, 27 og 28	Tímaverkefni 2
9. vika 16. - 20. október <i>Vetrarleyfi</i>	Birgðareikningar – Verkefni 29	Hópverkefni 2
10. vika 23. - 27. október <i>Miðannarmat</i>	Fasteignareikningur, bifreiðareikningur, fastafjármunir, veltufjármunir, veðskuldir, að kaupa eign með áhvílandi skuldum – Verkefni 30, 31	Hlutapróf 2
11. vika 30. október - 3. nóvember	Viðskipti við útlönd, tollur, virðisaukaskattur í tolli, gengismunur – Verkefni 32, 33,	
12. vika 6. - 10. nóvember	Gengismunur, erlendar eignir og skuldir við reikningslokun – Verkefni 34, 35	
13. vika 13. - 17. nóvember	Fyrirfram innheimtar og óinnheimtar tekjur við reikningslokun, aðrar tekjur – Verkefni 36 og 37	Tímaverkefni 3
14. vika 20. - 24. nóvember	Launabókhald og launatengd gjöld – Verkefni 38, 39, og 40	Hópverkefni 3
15. vika 27. nóvember- 1. desember	Launabókhald og launatengd gjöld – Verkefni 41 og 43 .	Hlutapróf 3
16. vika 4. - 7. desember	Bókhald fært í Excel. Upptökupróf/Sjúkrapróf	Tölvuverkefni Upptökupróf Sjúkrapróf

*Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf,
þjóðbjörg Gunnarsdóttir*